

## REGLUGERÐ

### um greiðslur sjúkratrygginga fyrir lýtalækningar og fegrunaraðgerðir.

#### 1. gr.

Sjúkratryggingar greiða kostnað samkvæmt almannatryggingalögum vegna lýtalækninga, annarra en fegrunarlækninga, innan og utan sjúkrahúsa.

#### 2. gr.

Sjúkratryggingar greiða ekki fyrir fegrunarlækningar, hvorki innan eða utan sjúkrahúsa. Til fegrunaraðgerða teljast:

- a. Andlits- og ennislyfting.
- b. Lagfæringar á augnalokum vegna húðfellinga eða augnpoka.
- c. Aðgerðir á andliti og eyrum til að lagfæra minniháttar útlitsafbrigði, önnur en ör.
- d. Brjóstastækkun.
- e. Brjóstalyfting.
- f. Hárflutningur eða hárígræðsla vegna skalla.
- g. Fitusogun, nema til að tæma fituæxli og lagfæra ör.
- h. Efnaesting til að slétta hrukkur.
- i. Strekking á magahúð í fegrunarskyni.
- j. Háreyðing með lasertækni.
- k. Laser- og diathermiaðgerðir við útvíkkuðum æðum í húð sem ekki valda öðrum ein-kennum en roða.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 34. og b-lið 1. mgr. 36. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 83/1991 um greiðslur fyrir sjúkratryggða vegna lýtalækninga úr gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 2001.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*